

**Nd.**

**148. Nefndarálit**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924 (Sauðfjárbaðanir).

Frá 2. minni hluta landbúnaðarnefndar.

Mál þetta hefir verið fyrir nefndinni frá því á öndverðu þingi og verið rætt á mörgum fundum. Dýralæknir hefir komið á fund nefndarinnar, rætt málið ítarlega og gert um það tillögur.

Eru tillögur hans þessar:

1. Almenn bōðun til útrýmingar fjárkláða fari fram svo fljótt, sem því verður við komið, sennilega árið 1928 eða 1929.
2. Lög nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, og lög nr. 21, 4. júní 1924, um breyting á þeim lögum, sjeu úr gildi numin.

Nokkur ágreiningur hefir orðið innan nefndarinnar um tillögur þessar og frumvarpið. Hefir nefndin klofnað í 3 hluti.

- 1, Fjórir nefndarmanna (Á. J., H. Stef., Jör B. og J. S.) fallast á tillöguna um útrýmingarbōðun, og er verið að undirbúa frumvarp þess efnis.
2. Um síðari tillöguna er ágreiningur. Tveir nefndarmanna (Jör. B. og J. S.) vilja, að Alþingi löggildi Coopers-baðduft til þrifabaðana, auk baðlyfja þeirra, sem löggilt hafa verið samkv. fyrirmælum 3. gr. laganna frá 1914. Við undirrit-

aðir föllumst á tillögu dýralæknis einnig í þessu efni, að því fráskildu, að við viljum ekki afnema skyldu fjáreigenda til þess að baða þrifaböðunum, nje heldur eftirlitið með framkvæmd baðananna. Óttumst við, að misbrestur kynni að verða á því, að baðað væri þrifaböðunum, ef slept væri því aðhaldi og eftirliti, sem nú er í lögum, óþrif ykjust og kláðinn útbreiddist. Hinsvegar virðist ekki ástæða til að ætla, að menn mundu nota önnur baðlyf en þau, sem þeim þætti vel hafa gefist.

Fimmti nefndarmaðurinn, H. K., formaður nefndarinnar, er andvígur öllum breytingum á núgildandi löggjöf um sauðfjárbaðanir.

Samkvæmt framanskráðu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Frumvarpsgreinin verði 1. gr. og orðist svo:  
Lög nr. 21, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, eru úr gildi numin.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr.:  
3. og 4. gr. laga nr. 58, 30. nóv. 1914, um sauðfjárbaðanir, eru úr gildi numdar.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði:  
Frumvarp til laga um afnám laga nr. 21, 4. júní 1924, og breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914 [*Sauðfjárbaðanir*].

Alþingi, 12. mars 1926.

Halldór Stefánsson.

Árni Jónsson,  
fundaskrifari og frsm.